

Nr. 153 / 10 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á baki***

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:
Gögn RNS



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. október 2010 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Fjöllumum, SV-miðum. Veður: NA 4 m/s.

Þegar sturtað var úr pokanum rann stór hákarl viðstöðulítið niður í fiskmóttöku á vinnsluþilfari en sporður og afturhluti fisksins stóð upp úr lúgunni. Skipverjar voru að koma böndum á hákarlinn þegar hann sló til sporðinum sem lenti á einum þeirra. Höggið frá sporðinum kastaði skipverjanum út í stjórnborðssíðu þar sem hann lenti með bakið á lúgukarmi. Slasaði stóð upp til að halda áfram verkinu en þá sló dýrið aftur til sporðinum og varð slasaði þá einnig fyrir honum og kastaðist nú á togvinduna og undir vírastýrið. Hákarlinn náðist ekki upp úr móttökunni fyrr en hann hafði verið hlutaður í þrjá búta.

Slasaði kenndi sér meins í baki og var marinn og bólginn en hélt áfram störfum.

Við rannsókn kom fram:

- að hákarlinn var beinhákarl;
- að talið var að hákarlinn hafi verið um fjögur tonn að þyngd;
- að fiskurinn var orðinn særður og hálf vitlaus að sögn slasaða.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.